

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfirði

Hafnarfirði 9. apríl 2012

**Efni:** Athugasemd við deiliskipulagstillögu „Íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, endurgert deiliskipulag“, og „Íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, breytt mörk deiliskipulags“. Umsókn um breytingu lóðarmarka.

Í erindi þessu er sett fram athugasemd við auglýsta deiliskipulagstillögu „Íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, endurgert deiliskipulag“, og „Íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, breytt mörk deiliskipulags“ en jafnframt er þess óskað að tekin verði til umfjöllunar umsókn um breytt lóðarmörk. Ástæður þess að þetta er sett fram samhliða er að umsókn um breytingu lóðarmarka og deiliskipulagstillagan skarast. Verður nú gerð nánari grein fyrir umsókn um breytingu lóðarmarka og skörun þess við auglýsta deiliskipulagstillögu.


#### Umsókn um breytingu lóðarmarka

Málið varðar lóðarmörk lóðarinnar Sævangs 26 til suðurs (sjá mynd 1.0 hér að neðan). Um er að ræða stækkun lóðarinnar til suðurs, frá suðausturhorni með hraunkanti í áttina að göngustíg sem liggur um hraunið til austurs, þaðan til vesturs að línu í stefnu frá núverandi lóðarmörkum til suðvesturs, samtals um 152m<sup>2</sup>.

Svæðið sem um ræðir er grasi vaxið og hafa bæjaryfirvöld séð um að hirða það til þessa, nokkrum sinnum að sumri. Fallegar hraunmyndanir eru sunnan og austan við nefnt svæði og myndu liggja utan þess og falla undir hverfisvernd skipulagsins. Af þeim ástæðum myndu breytt lóðarmörk ekki skarast við stefnumörkun hverfisverndunar í auglýstri deiliskipulagstillögu, sbr. kafla 2.3 í grg. með tillögnum.

Umrætt svæði er innan íbúðasvæðisreits aðalskipulags, sbr. aðalskipulagstillögu, dags. 11.7.2011.

Skörun breyttra lóðarmarka og hverfisverndar í deiliskipulagstillögunni verða þar sem mörk hverfisverndar eru dregin samhliða lóðarmörkum að sunnanverðu og með götustæðinu til suðurs.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	14.1.2013
Málsnr:	1301344
Bréfal:	522.1



Mynd 1.0

Mynd 1.0 er unnin úr upplýsingakerfi Hafnarfjarðarbæjar og sýnir heildarflatarmál reitsins um 152 m<sup>2</sup>. Hnitsettur uppdráttur verður settur fram á síðari stigum málsins verði eftir því óskað.

Sjá myndir 1.1-1.6 af umræddu svæði og hraunmyndunum til austurs af svæðinu.



Mynd 1.1



Mynd 1.2

*Mynd 1.1* er tekin frá götustæðinu og til austurs en myndin sýnir ágætlega um hvernig svæði er að ræða.

*Mynd 1.2* er tekin út út um glugga hússins yfir svæðið til suðausturs en á myndinni sjást vel hraunmyndanirnar sem yrðu utan lóðarmarka og féllu undir hverfisvernd. Runninn á myndinni markar núverandi lóðarmörk (5 m frá húsi).



*Mynd 1.3*



*Mynd 1.4*

*Mynd 1.3* er tekin frá götustæði til austurs.

*Mynd 1.4* er tekin úr húsinu til suðvesturs og sýnir grasflötina ásamt hraunhleðslu og runna sem marka innkeyrsluna að skúrnum í kjallara hússins til suðurs.



*Mynd 1.5*



*Mynd 1.6*

*Mynd 1.5* er tekin til norðurs frá syðri mörkum breyttra lóðarmarka skv. umsókn en hún sýnir einnig vel hvernig svæðið er vaxið.

*Mynd 1.6* er tekin til norðausturs og sýnir vel hvernig breytt lóðarmörk skv. umsókn myndu liggja í hraunjaðrinum.

Sé óskað eftir frekari gögnum, svo sem hnitsettum breyttum lóðarmörkum, tillögu að breytingu deiliskipulags eða öðrum þeim gögnum sem henta þykja, mun undirritaður fúslega veita þau.

Með von um jákvæða afgreiðslu.

*Virðingarfyllst,*  
*Pálmi Þór Másson*  
*Nína Björg Magnúsdóttir*  
*Sævangi 26*  
*220 Hafnarfirði.*  
*gsm. 8988773*  
*[palmi@alftanes.is](mailto:palmi@alftanes.is)*